

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um breytingu á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna hljóðritunar á tónlist, nr. 110/2016.

Frá ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.

1. gr.

Í stað tölustafanna „30“ í a. lið. 1. mgr. 5. gr. kemur: 14.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarpið er samið í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Lög nr. 110/2016 um tímabundnar endurgreiðslur vegna hljóðritunar á tónlist voru lögð fram á 145. löggjafarþingi og tóku gildi 19. október 2016. Tildrög laganna mátti meðal annars rekja til örs vaxtar í íslenskum tónlistariðnaði, en greinin gefur af sér umtalsverðan fjölda starfa á ársgrundvelli.

Lögin gilda um endurgreiðslu á hluta kostnaðar sem fellur til við hljóðritun tónlistar hér á landi sem gefin hefur verið út og gerð aðgengileg almenningi. Í a. lið 1. mgr. 5. gr. laganna segir að skilyrði fyrir endurgreiðslu fyrir útgáfu hljóðrita sé að samanlagður spilunartími tónlistar hljóðritana nái 30 mínútum. Í frumvarpi þessu er lögð til sú breyting að samanlagður spilunartími tónlistar hljóðritana verði stytur þannig að hann nái 14 mínútum í stað 30 mínútna.

2. Tilfni og nauðsyn lagasetningar.

Lög nr. 110/2016 tóku gildi árið 2016 og gilda út árið 2022. Lögin gera ráð fyrir 25% endurgreiðslu af endurgreiðsluhæfum kostnaði sem fellur til við hljóðritun. Eitt af skilyrðum þess að hljóðritun sé endurgreiðsluhæf er að samanlagður spilunartími hljóðritana sé ekki undir 30 mínútum, en með 30 mínútna spilunartíma er að vissu leyti vísað til lágmarkstíma þess sem í daglegu tali eru nefnt breiðskífa (LP-plata).

Með breyttum markaðsaðstæðum og rekstrarumhverfi hefur fjöldi tónlistarmanna kosið að gefa út stök lög (e. single) eða stuttskífu (EP-plata) til að vekja athygli á listsköpun sinni eða nýrri plötu. Í daglegu tali er vísað til stuttskífu sem hljómplötu sem inniheldur fleiri en eitt lag, oft fjögur til sex, en er þó innan við hefðbundinn 30 mínútna hljóðritunartíma breiðskífu. Þá er meðallengd dægurlaga styttri nú en áður (þrjár mínútur og þrjátíu sekúndur í stað fjögurra

mínútna fyrir tuttugu árum). Ástæða þess er almennt talin vera sú að neysla tónlistar hefur færst yfir á streymisveitur þar sem uppgjör á skiptingu verðmæta fer eftir fjölda spillana.

Með frumvarpi þessu er lagt til að samanlagður spilunartími tónlistar hljóðritana miðist við 14 mínútur í stað 30 mínútna. Með því er komið til móts við þarfir útgefanda og listamanna í kjölfar breyttra markaðsaðstæðna og rekstrarumhverfis. Viðmið endurgreiðsluhæfrar útgáfu yrði því að lágmarki fjögur lög af meðallengd (4 x 3,5 mínútur).

3. Meginefni frumvarpsins.

Í frumvarpi þessu er lögð til breyting á skilyrði fyrir endurgreiðslu útgáfu hljóðritunar. Lagt er til að samanlagður spilunartími tónlistar hljóðritanna nái 14 mínútum í stað 30 mínútna sbr. gildandi ákvæði a. liðar 1. mgr. 5. gr. laganna.

Með breytingunni er stutt við innlendan tónlistariðnað, útgefendur og listamenn, með því að fjölga hljóðritunum sem falla undir skilyrði 1. mgr. 5. gr. laganna.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarpið gefur ekki tilefni til að skoða samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

5. Samráð.

Áform um lagasetninguna voru kynnt á fundi ráðuneytisstjóra allra ráðuneyta.

6. Mat á áhrifum.

Verði frumvarpið að lögum má búast má við að árleg heildarupphæð endurgreiðslu geti hækkað lítillega, einkum vegna þess að fleiri verkefni muni ná tilskildum viðmiðunarmörkum en áður. Til lengri tíma litið má þó ætla að fyrirhuguð breyting hafi í för með sér tíðari endurgreiðslur frekar en hærri upphæðir. Fjármunir sem hafa verið ætlaðir til endurgreiðslanna hafa til þessa ekki verið fullnýttir. Því er ekki þörf á viðbótarfjármagni. Gangi áformin eftir munu þau ekki hafa fjárhagsáhrif á ríkissjóð.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að samanlagður spilunartími tónlistar hljóðritana nái 14 mínútur í stað 30 mínútna.

Um 2. gr.

Um er að ræða gildistökuákvæði sem þarfnast ekki frekari skýringa.